

Nd.

IS6. Frumvarp

til laga um slysa-ábyrgðarsjóð sjómanna og daglaunamanna.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson og Hjörtur Snorrason.

Landsstjórninni veitist heimild til að verja alt að 5000 kr. hvort ár næsta fjárhagstímabils til slysaábyrgðarsjóðs, er stofnaður kann að verða fyrir sjómenn og daglaunamenn.

Styrkveitingin er því skilyrði bundin, að Stjórnarráðið samþykki lög þau, sem slíkt fjelag setur sjer, og getur fjelagið ekki fengið fjeð afhent, fyr en fjelagsmenn eru fæst 500.

bæjarstjórn Reykjavíkur selur öðrum, lætur á leigu eða erfðafestu, eða lætur til einhverra sjerstakra afnota, svo og, er meta skal leiguna eða afnotagjaldið, skal það gert af sjerstakri matsnefnd.

2. gr.

Matsnefndina skipa þrjú menn, sem kosnir sjeu til 6 ára í senn; skipar Stjórnarráðið einn og er hann formaður nefndarinnar, landsyfirdómurinn einn, en bæjarstjórnin kys hinn þriðja.

Á sama hátt kys Stjórnarráðið einn varamann, landsyfirdómurinn einn og bæjarstjórnin einn. Taka þeir hver um sig sæti í nefndinni, ef aðalmaður forfallast, sá er kosinn var af sama aðilja.

Nefndarmenn, hvort sem er aðalmaður eða varamaður, sem úr gengur, má kjósa aftur svo oft sem vill.

3. gr.

Matsnefndin ákveður sjálf borgun þá, er henni ber fyrir hvert mat. Þyki aðilja borgun sú, er matsnefndin ákveður, ósanngjörn, getur hann leitað úrskurðar Stjórnarráðsins; getur það fært niður borgunina, ef því þykir hún um sanngirni fram. Kostnaður við mat hvert greiðist úr bæjarsjóði, nema öðruvísi sje um samið.

4. gr.

Hver nefndarmaður skal, áður en hann tekur til starfa í nefndinni, vinna drengskaparheit að því, að hann skuli framkvæma starf sitt í nefndinni eftir bestu samvisku.

5. gr.

Hvert land og hverja lóð, sem metin er, skal meta eins og þau mundu sanngjarnlega seld, leigð eða látin til sjerstakra afnota. Við matið skal sjerstaklega tekið tillit til legu hins metna, hve mikill hluti þess liggur við götu eða alfaraveg, eða ef ekki liggur við götu, nálægðar við götu eða alfaraveg, hvort hið metna er sjerstaklega hæft til sjerstakra afnota, hverju verði lóðir eða lönd, sem liggja að lóð þeirri eða landi, sem meta á, eða í nágrenninu hafa síðast verið seld eða metin, eða hver leiga eða afnotagjald er goldin, eða hefir síðast verið goldin fyrir nágrannalóðirnar og löndin, ef leigumálinn er ekki eldri en 5 ára.

Formaður matsnefndar kveður aðilja til mats með sólarhrings fyrirvara; það er lögleg kvaðning, ef birt er af einum stefnuvotti. Skal aðiljunum við matið ger kostur á að gefa upplýsingar og leggja fram gögn til leiðbeiningar matsnefndinni, en eigi geta þeir krafist frests til þess, nema matsnefndin í sjerstökum tilfellum telji nauðsynlegt að veita slíkan frest og ákveður hún þá jafnframt, hve langur fresturinn skuli vera.

6. gr.

Ef nefndarmenn greinir á um matið, ræður afl atkvæða.